

Alþingi,
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd,
bt. Ögmundar Jónassonar, form.

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 1. október 2014

Um skyldur sérstaks saksóknara og héraðsdómara í tengslum við símhleranir og húsleitir og brot gegn trúnaði lögmannna og umbjóðenda þeirra

Bréf þetta er sent Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis í framhaldi af ákvörðun nefndarinnar um að kanna verklag Embættis sérstaks saksóknara við símhleranir o.fl.

Hér er gerð grein fyrir símhlerunum og húsleit hjá Bjarnfreði Ólafssyni ("BÓ"), en hann var þá héraðsdómslögmaður og einn af eigendum LOGOS lögmannsþjónustu slf.

Dómarar Héraðsdóms Reykjavíkur veittu sérstökum saksóknara heimild til húsleitar og að hlera símtöl BÓ rúmum tveimur árum eftir að hann sendi inn tilkynningu til Fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra ("FSK") um hækkun hlutafjár í Exista hf.

Um símhleranir

Með úrskurði dags. 22. janúar 2010 var sérstökum saksóknara veitt heimild til að hlera síma BÓ frá úrskurðardegi til 12. febrúar 2010. Heimildin tók einnig til sms skilaboða. Engar takmarkanir voru settar á heimildina af hálfu dómara.

BÓ var ekki tilkynnt um hlerunina, og lok hennar, fyrr en með bréfi sérstaks saksóknara þann 3. febrúar 2012, þar sem jafnframt var boðuð eyðing gagnanna til samræmis við ákvæði 85. gr. sakamálalaga nr. 88/2008. Þann 17. apríl 2013 fer BÓ fram á að hlusta á umræddar símhleranir. Fékk hann heimild til þess, enda hafði gögnum þá ekki verið eytt. BÓ hefur enn ekki fengið staðfestingu þess efnis að eyðing gagnanna hafi í raun átt sér stað.

Við hlutstun á hin hleruðu símtöl kom í ljós að öll símtöl BÓ við skjólstæðinga hans á umræddu tímabili höfðu verið hleruð og vistuð í gagnaskrá embættis sérstaks saksóknara. Skipti þá engu máli þó um væri að ræða trúnaðarsamtöl BÓ við skjólstæðinga hans, sem tengdust ekki á nokkurn hátt umræddu máli.

Í 1. mgr. 85. gr. sakamálalaga er tiltekið að upptökur af samskiptum sakbornings við verjanda sinn, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. tekur til, skuli eyða þegar í stað. Í 2. mgr. 119. gr. laganna er vísað til samskipta sakbornings við lögmann, og skiptir þá ekki máli hvort hann er skipaður verjandi eða ekki.

Í 2. mgr. 85. gr. sakamálalaga er tiltekið að þegar símhlerunum er lokið skuli lögreglustjóri tilkynna þolanda um aðgerðina svo fljótt sem verða má, þó þannig að það skaði ekki frekari rannsókn málsins.

Sem dæmi um símtöl BÓ við skjólstæðinga, sem voru hleruð og vistuð í gagnaskrá sérstaks saksóknara:

- Samtal við Lýð Guðmundsson, þar sem m.a. er lýst samtali BÓ við skipaðan verjanda Lýðs;
- Samtöl við Andra Árnason hrl. og Hörð Felix Harðarson um varnir fyrir sig í málinu;
- Samtöl við Ragnar Tómas Árnason hrl. um málið í heild, yfirheyrslur hjá sérstökum saksóknara o.fl.;
- Samtal við Gest Jónsson hrl. vegna varna í málinu;
- Samtal við Ólaf Ólafsson, þar sem þeir ræddu ýmis skattamál, áhrif húsleitarinnar o.fl. Hugsanlega var símtalið notað sem sönnunargagn gegn Ólafi í svo nefndu Al Thani máli. Ef ekki, þá var í Al Thani málinu notast við upptöku á síma Ólafs, en það breytir engu um ólögmati upptökunnar og nýtingu hennar í dómsmáli gegn skjólstæðingi BÓ.

Ofangreind háttsemi, þar sem beinlínis eru tekin upp og geymd í vörslu saksóknara samtöl lögmanna við sakborninga, er klárlega brot á 2. mgr. 85. gr., sbr. 2. mgr. 119. gr. sakamálalaga.

Þá voru í fórum sérstaks saksóknara trúnaðarsamtöl BÓ við alla hans skjólstæðinga. Hlerun þeirra símtala og varsla þeirra fer gróflega gegn grunnreglum um trúnað á milli lögmanna og umbjóðenda þeirra. Þau trúnaðarsamtöl ættu einnig að vera vernduð af 2. mgr. 85. gr., sbr. 2. mgr. 119. gr. sakamálalaga, enda er tilgangur síðarnefnda ákvæðisins að vernda sérstaklega trúnað á milli skjólstæðings og tiltekinna fagaðila, þ.m.t. lögmanna. Auk þess vísast um þetta til 1. mgr. 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, siðareglna lögmanna og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. einnig 1. mgr. 70. gr. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrár sem og 6. gr. og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Um húsleitir

Þann 25. janúar 2010 fór sérstakur saksóknari fram á fulla heimild til að leita í öllum hirslum BÓ hjá LOGOS, svo og í skjalageymslum og tölvubúnaði lögmannsstofunnar, vegna gagna sem tengdust tilkynningu um hækkun hlutafjár, svo og varðandi félögin Exista BV og Exista Holding BV í tengslum við sölu á hlutabréfum í Bakkavör Group hf. Samdægurs samþykkti héraðsdómur þá húsleitina án nokkurra takmarkana. Skipti þá engu máli að BÓ var ekki grunaður um nein brot í tengslum við sölu á hlutabréfum í Bakkavör Group hf., heldur var hann lögmaður aðila við þá sölu.

Daginn eftir hóf lögregla aðgerðir á grundvelli úrskurðarins og voru margvísleg gögn haldlögð. Skrá yfir haldlögð gögn sýnir að gengið hafi verið lengra en í fyrstu var talið nauðsynlegt samkvæmt beiðni sérstaks saksóknara. Þannig var í fyrsta lagi haldlögð gögn út af öðrum félögum, en tilgreind voru í beiðninni. Sem dæmi um þetta er haldlagning gagna í vösum merktum Ágústi og Lýði Guðmundssyni og vösum og möppum merktum „Bakkabraedur Strategic Investment Limited,“ „Bakkabraedur BVI companies,“ „Bakkabraedur Loan agreements,“ „Bakkabraedur Holdings BV,“ „Logos lögmannspjónustu,“ „Bakkabræður ýmis gögn,“ o.s.frv. Þá virðist í öðru lagi sem haldlögð hafi verið gögn í tengslum við önnur atriði en tilgreind voru í beiðninni. Sem dæmi um þetta er mappa merkt Exista hf. „fyrirspurn skattstjóra vegna stgr starfsmanna.“

Sá ljóður er á haldlagningarskýrslu að ekki er tilgreint hvaða skjöl eru haldlögð. Þess í stað er látið duga að tilgreina haldlagningu „vasa,“ „mappa,“ „minnisbóka,“ og „lausra blaða.“ Sú sundurgreining er ófullnægjandi þar sem ómögulegt er nú að segja til um hvaða einstök skjöl voru haldlögð. Er það sérstaklega bagalegt í ljósi hinnar lögvernduðu trúnaðarskyldu á milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra.


Við húsleitina varð sérstökum saksóknara ljóst að tölvupóstar og önnur gögn LOGOS á tölvutæku formi væru vistuð hjá Símanum hf. Af því tilefni lagði sérstakur saksóknari fram beiðni til héraðsdóms 26. jan. 2010 um að embættinu yrði heimiluð húsleit hjá Símanum hf. „í því skyni að leggja hald á gögn á tölvutæki formi, þ.á m. tölvupósta, sem Síminn hf., hýsir“ fyrir Logos. Féllst Héraðsdómur á þá beiðni, en með einhverjum takmörkunum í ljósi andmæla LOGOS. Var þeim úrskurði áfrýjað, en með sérstakri yfirlýsingu 1. feb. 2010 heimilaði LOGOS að sérstakur saksóknari fengi að leita í tölvupósthólfi BÓ hjá Símanum hf. án þeirra takmarkana sem fram komu í úrskurði héraðsdóms 26. jan. 2010. BÓ var hinsvegar ekki beðinn um samþykki vegna þessarar leitar í gögnum hans hjá Símanum hf., þó hann væri einnig „leitarþoli“ og beiðni einnig beint að honum vegna gruns um refsiverð brot hans. Fer það gegn 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008, en samkvæmt félagssamningi LOGOS ber hver og einn eigandi ábyrgð á sínum sérfræðistörfum.

Héraðsdómari sá ekki ástæðu til að takmarka húsleitina hjá LOGOS. Við þá húsleit voru ýmis gögn tekin, sem bæði fóru út fyrir umfang heimildar, auk þess sem ómögulegt er að sannreyna hver voru, þar sem lýsingu skortir á haldlögðum gögnum. Þannig var ekki gerð tilraun til að tryggja að trúnaðarskyldur lögmannna yrðu verndaðar í samræmi við lög. Fer heimildin og framkvæmd saksóknara gegn 1. mgr. 68. gr. og b. liðar 2. mgr. 119. gr. laga nr. 88/2008.

Í fyrsta lagi er það hlutverk dómara að gæta hagsmuna leitarþola, enda á leitarþoli enga annan málsvara á þessu stigi. Í öðru lagi, þar sem íslensk lög, eins og Hæstiréttur hefur túlkað þau, leiða til þess að lögregla getur við sakamálarannsókn og ákæru stuðst við gögn sem hún hefur undir höndum og skiptir þá ekki máli, þó gagna hafi ekki verið aflað með lögmatum hætti. Þannig hefur kæra um húsleitarheimild til Hæstaréttar í raun takmarkaða eða enga þýðingu, þar sem hún er um garð gengin og gögn komin til lögreglu – löglega eða ekki. Í þriðja lagi má ekki veita heimild til húsleitar sem getur brotið gegn lögboðinni trúnaðarskyldu lögmannna gagnvart umbjóðendum þeirra.

Að lokum skal þess getið að gögn úr húsleitinni hjá LOGOS voru notuð í öðru máli sérstaks saksóknara gegn umbjóðendum lögmannsstofunnar („VÍS-málið“). Ákærðu í VÍS-málinu voru sýknaðir í héraðsdómi, þar sem sannað var að málavextir voru ekki með þeim hætti er saksóknari hélt fram, auk þess sem í ljós kom að sérstakur saksóknari hafði ekki upplýst um haldlögð gögn, sem sýndu einmitt fram á þá staðreynd að raunverulegir málavextir voru aðrir en haldið var fram í ákæru. Ríkissaksóknari ákvað að áfrýja ekki þessari niðurstöðu héraðsdóms.

Kvörtun vegna málsmeðferðarinnar og niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 450/2013 hefur verið send til Mannréttindadómstóls Evrópu (málanúmer 62562/14).

Virðingarfyllst,

Bjarnfreður Ólafsson, lögfr.

Afrit:

- Lögmannafélag Íslands
- Mannréttindadómstóll Evrópu (í enskri þýðingu)

Lögmannafélag Íslands,
bt. stjórnar og framkvæmdastjóra,
Álftamýri 9,
108 Reykjavík.

Reykjavík, 1. október 2014

Um símhleranir, húsleitir og hlutlæga refsíábyrgð lögmannna

Hjálagt er afrit af bréfi, sem sent var í dag til Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis. Í bréfinu eru færð rök fyrir því að verulegar brotalamir hafi verið á veitingu dómsheimilda og framkvæmd sérstaks saksóknara á símhlerunum hjá lögmanni og húsleitar á lögmannsstofu.

Þá vill undirritaður jafnframt vekja athygli félagsins á dómi Hæstaréttar í máli nr. 450/2013. Þar var talið sannað að Bjarnfreður Ólafsson ("BÓ") hefði á villandi hátt skýrt fyrirtækjaskrá frá hlutafjánhækkun í Exista hf. þann 8. desember 2008. Var BÓ dæmdur í 6 mánaða fangelsi, þar af voru þrjú mánuðir skilorðsbundnir. Jafnframt var BÓ sviptur lögmannsréttindum í eitt ár.

Málið varðar tilkynningu sem BÓ sendi til Fyrirtækjaskrár ríkisskattstjóra ("FSK") fyrir hönd Exista hf. Í tilkynningunni kom fram sú niðurstaða félagsins að búið væri að greiða að fullu fyrir útgáfu 50 milljarða hluta, sbr. meðfylgjandi sérfræðiskýrslu endurskoðanda. Í sérfræðiskýrslu endurskoðanda kom skýrt fram að fyrir hlutina var greiddur 1 milljarður króna. Í framburði fyrirsvarsmanns FSK fyrir héraðsdómi kom fram að í sérfræðiskýrslunni kæmi augljóslega fram hvað greitt var fyrir hina nýju hluti og að starfsmenn FSK hefðu skráð hækkun hlutafjárins án þess að lesa áður sérfræðiskýrslu endurskoðandans. Hálfu ári síðar kærir Arion banki hlutafjánhækkunina. Í kjölfar kærunnar framkvæmir sérstakur saksóknari ítarlegar húsleitir hjá LOGOS og hlerar síma BÓ.

Ákæra er svo gefin út í málinu í tveimur liðum. Annars vegar var Lýður Guðmundsson ákærður fyrir að greiða of lítið fyrir útgefið hlutafé í Exista (en ekki stjórn félagsins). Hins vegar voru bæði BÓ og Lýður ákærðir vegna tilkynningarinnar til FSK. Í þessu bréfi til LMFÍ er síðari ákæruliðurinn eingöngu til umfjöllunar.

Lýður og BÓ voru ákærðir fyrir að skýra, að undirlagi Lýðs, vísvitandi rangt og villandi frá hækkun hlutafjár í Exista hf., þar sem tilkynningin tiltók að hækkunin hefði verið að fullu greidd til félagsins. Var sú háttsemi talin varða við 1. tölul. 1. mgr. 153. gr. hlutafélagalaga. Þá var þess krafist að BÓ yrði sviptur lögmannsréttindum með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur er eftirfarandi tekið fram:

„Engin vitni hafa borið um aðkomu ákærða Lýðs að því að semja eða senda nefnda tilkynningu og engin önnur gögn styðja við fullyrðingu ákærvaldsins um að tilkynningin hafi verið send að undirlagi ákærða [Lýðs]. Samkvæmt þessu er ósannað að ákærði Lýður hafi átt þátt í að semja eða senda tilkynninguna... Í I. kafla hér að framan var rakið hvað ákveðið var á stjórnarfundi Exista hf. 4. desember 2008 um hlutafjánhækkun í félaginu og hvernig að henni var staðið og

fyrir hana greitt. Þá var og gerð grein fyrir skýrslu endurskoðanda hjá Deloitte, en hún fylgdi tilkynningunni til Fyrirtækjaskrár. Í tilkynningunni, sem ákært er út af, kemur ekki annað fram en það sem gerðist á umræddum stjórnarfundum. Hlutverk ákærða, sem lögmanns, var að tilkynna til Fyrirtækjaskrár það sem umbjóðandi hans hafði gert og hann hafði verið beðinn um. Í tilkynningunni kom fram það sem gerst hafði varðandi nefnda hækkun hlutafjár, auk þess sem með tilkynningunni fylgdi skýrsla endurskoðanda, þar sem nákvæmari grein var gerð fyrir málinu. Það er því ekki hægt að fallast á það með ákærvaldinu að ákærði hafi skýrt rangt og villandi frá hækkuninni. Þvert á móti skýrir tilkynningin og skýrsla endurskoðanda frá því sem gerðist. Hér að framan er lýst hvernig Fyrirtækjaskrá tók á málinu í upphafi og svo síðar, en það er úrlausn þessa máls óviðkomandi. Samkvæmt þessu verður ákærði Bjarnfreður sýknaður af ákærinni“.

Í Hæstarétti kveður við allt annan tón. Dómurinn staðfestir sýknudóm Lýðs varðandi síðari ákæruliðinn, þar sem ekki var sannað um aðkomu hans að tilkynningunni. BÓ var hins vegar fundinn sekur skv. ákæruliðnum.

Í dómi Hæstaréttar er tiltekið að skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 77/1998, um lögmann, þá séu lögmann opinberir sýslunarmenn, auk þess sem af ákvæðunum megi leiða að lögmonnum ber ekki að ganga erinda umbjóðenda sinna sem bersýnilega fara í bága við lög. Þá er tiltekið að skv. 6. gr. hlutafélagalaga geti bæði endurskoðendur og lögmann vottað að greiðsla hlutafjár hafi átt sér stað. Ekki er þó tiltekið í rökstuðningi dómsins að sú vinna á skv. hlutafélagalögum að koma fram í sérstakri sérfræðiskýrslu, sem fylgir tilkynningu og öðrum gögnum um stofnun félags eða hækkun hlutafjár. Síðan segir í dómi Hæstaréttar:

„Fram er komið að ákærði Bjarnfreður þekkti efni skýrslunnar og aðdraganda að gerð hennar, en hann hafði meðal annars í tölvubréfi 4. desember 2008 til ákærða Lýðs látið í ljósi efasemdir um að efni tilkynningarinnar væri í samræmi við lög nr. 2/1995. Þá kom fram hjá ákærða Bjarnfreði við skýrslugjöf fyrir dómi að hann hefði haft efasemdir um að fyrirtækjaskrá myndi fallast á réttmæti tilkynningarinnar því um væri að ræða „rúma túlkun á 16. greininni.“ Eigi að síður ritaði hann sem lögmaður undir hina lögboðnu tilkynningu þar sem tekið var fram eins og áður greinir að hlutafé félagsins hafi verið hækkað að nafnverði um 50.000.000.000 krónur og hefðu hlutirnir verið greiddir að fullu. Með því að vísa í því sambandi til sérfræðiskýrslu og staðfestingar endurskoðanda var gefið til kynna að greiðsla hlutafjárins hafi verið í samræmi við lagafyrirmæli, þar á meðal 1. mgr. 16. gr. laga nr. 2/1995, og því hafi í raun verið greiddar 50.000.000.000 krónur fyrir hlutina.

Samkvæmt framansögðu skýrði ákærði Bjarnfreður með tilkynningunni til fyrirtækjaskrár á villandi hátt frá því sem fólst í greiðslunni fyrir hina nýju hluti í Exista hf. og nam aðeins 1/50 af því sem lögboðið var. Verður hann því sakfelldur fyrir brot á 1. tölulið 153. gr. laga nr. 2/1995 eins og honum er gefið að sök í II. kafla ákæru.“

Hvað varðar kröfu ákærvaldsins um sviptingu lögmannsréttinda er eingöngu eftirfarandi tekið fram:

„Samkvæmt því sem að framan greinir og með vísan til 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 verður ákærði Bjarnfreður sviptur réttindum til að gegna starfi héraðsdómslögmanns í eitt ár.“

Varðandi umfang rannsóknar sérstaks saksóknara á einfaldri tilkynningu og greiðslu fyrir hlutafé voru ekki gerðar athugasemdir, þó til þess væri litið að hluta við ákvörðun málskostnaðar.

Dómur Hæstaréttar er því fyrir margar sakir athyglisverður fyrir lögmann.

Í fyrsta lagi er BÓ sakfelldur þrátt fyrir að sannað hafi verið að hann sendi tilkynninguna ekki að undirlagi Lýðs, eins og ákæra kveður á um, heldur fyrir hönd umbjóðanda síns, Exista hf. En á sama tíma er Lýður sýknaður af sama ákærulið vegna þessa sönnunarskorts. BÓ byggði eðlilega vörn sína m.a. á því að hann sendi ekki tilkynninguna að undirlagi Lýðs heldur Exista hf.

Í öðru lagi byggir niðurstaða Hæstiréttar á nánast hlutlægri refsíabyrgð BÓ sem lögmanns, enda horfir dómurinn beinlínis framhjá orðalagi ákæru og lagakröfum 153. gr. hlutafélaga um refsíabyrgð fyrir að skýra fyrirtækjaskrá „vísvitandi“ villandi frá. Í besta falli byggist dómurinn á því að virða til refsingar það gáleysi BÓ að hafa ætlað FSK að lesa gögnin í samræmi við 150. gr. hlutafélagalaga og leggja sjálfstætt mat á sérfræðiskýrslu, sem var 2 blaðsíður, skýrt orðuð, og varðaði mat á framlagi til útgáfu á 50 milljörðum hluta.

Í þriðja lagi byggir rökstuðningur dómsins á öðrum sjónarmiðum en fram koma í ákæru. Í ákærinni er byggt á því að tilkynningin hafi verið vísvitandi villandi, en í dómnum er byggt á því að BÓ hafi sem lögmaður verið opinber sýslunarmaður, hann hafi í krafti lögmannsstöðu sinnar sjálfstætt getað staðfest hækkun hlutafjár og því hafi tilkynningin ein og sér verið villandi og varðað hann refsíabyrgð. Þessum röksemdum var ekki haldið fram í ákæru, fylgigögnum eða málflutningi.

BÓ gat því aldrei komið að vörnum í málinu gegn ofangreindum sjónarmiðum um hlutlæga refsíabyrgð, enda gerir 153. gr. hlutafélagalaga þvert á móti kröfur um aukinn ásetning til brots („vísvitandi.....villandi“). Ef dómurinn hefði farið í greiningu á hinum aukna ásetningi, þá hefði verið fróðlegt að sjá hvernig hann hefði getað komist að sömu niðurstöðu í ljósi þess að allar upplýsingar um hækkunina voru sendar hlutafélagaskrá – en þær voru ekki lesnar. Þá voru samtímis sendar upplýsingar til Kauphallar og Fjármálaeftirlits um að hækkun hefði verið á genginu 0.02.

Niðurstaða Hæstaréttar er jafnframt áhugaverð í ljósi 180. gr. sakamálalaga, sem hljóðar svo:

„Hvorki má dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó má sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind, enda telji dómari að vörn hafi ekki verið áfátt þess vegna“.


Hæstiréttur sviptir BÓ einnig lögmannsréttindum án þess að rökstyðja hvernig skilyrði fyrir þeirri sviptingu voru uppfyllt að lögum. Eins og ákvæði 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga bera orðrétt með sér, þá er ekki hægt að svipta menn réttindum eingöngu vegna þess að þeir hljóta dóm sem felur í sér refsingu. Það þarf mun meira til, bæði samkvæmt orðalagi ákvæðisins sjálfs, svo og vegna þeirrar réttarverndar sem atvinnuréttindi njóta skv. 75. gr. stjórnarskrár. Eins og aðstæðum er háttað í málinu, svo og með hliðsjón af starfsferli BÓ, þá verður ekki séð hvers vegna „veruleg hætta“ var talin á því að BÓ myndi fremja brot í stöðu sinni sem lögmaður. Það er því eins og réttindasviptingin hafi sjálfkrafa fylgt niðurstöðu réttarins um brot á 153. gr. hlutafélagalaga.

Það hlýtur að varða félagsmenn miklu hvernig refsíabyrgð lögmanns getur mögulega verið háttað, og ekki síður hvaða háttsemi getur verið grundvöllur réttindasviptingar. Það er skoðun undirritaðs, og fjölmargra lögmanns, að hér hafi frá upphafi til enda verið rangt haldið á málum og að niðurstaða Hæstaréttar sé röng og geti skapað hættulegt fordæmi.

Þá verður LMFÍ að taka til umræðu og athugunar öll mál, þar sem brotið er gegn trúnaði lögmannna við skjólstæðinga þeirra, en það er ein mikilvægasta grundvallarregla réttarríkisins. Í máli þessu er að finna gróf brot á trúnaðarsambandinu.

Kvörtun vegna málsmeðferðarinnar og niðurstöðu Hæstaréttar hefur verið send til Mannréttindadómstóls Evrópu (málanúmer 62562/14).

Erindi þetta er sent til þóknanlegrar meðferðar stjórnar Lögmannafélags Íslands.

Með yinsemd og virðingu,

Bjarnfreður Ólafsson, lögfr.